

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gær úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 15. júní 1962.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

BRÁÐABIRGÐALÖG

til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér að þrátt fyrir margra vikna samningsumleitanir milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarféлага sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, um kaup og kjör sjómanna á síldveiðum á þessu sumri, hafi samningar ekki tekizt. Þetta muni hafa í för með sér stöðvun flestallra síldveiðiskipa og mundi valda óbætanlegu tjóni.

Það berir því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka stöðvun síldveiðiskipanna án tafar og gefa út bráðabirgðalög, sem geri veiðiskipunum mögulegt að hefja veiðar nú þegar og að kjör síldveiðisjómanna verði ákveðin síðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leiða:

1. gr.

Óheimilt skal að hindra lögskráningu skipverja á síldveiðiskip á sumarsíldveiðum 1962 upp á væntanlega kjarasamninga eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu síldveiðiskipanna.

2. gr.

Nú takast ekki samningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarféлага sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar um kaup og kjör skipverja á sumarsíldveiðum 1962 fyrir 10. júlí 1962, eða sáttasemjari ríkisins lýsi því yfir fyrir þann tíma, að áframhaldandi viðræður séu þýðingarlausar, þá skulu þau ákveðin af gerðardómi.

3. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Hæstiréttur skipar formann dómsins og tvo meðdómendur. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipar einn meðdómenda og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa sameiginlega einn meðdómenda.